

Þingeyjarsveit
Helga Sveinbjörnsdóttir
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 26. apríl 2021
UST202104-002/A.B.
10.05.00

Efni: Grenndarkynning - Byggingaráform – Fagraneskot - Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst 6.apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna grenndarkynningar vegna byggingaráforma við Fagraneskot í Þingeyjarsveit.

Í greinargerð kemur fram áformað er að reisa um 215 m² hús á einni hæð á 1800 m² lóð. Umhverfisstofnun bendir á að hér er stofnunin að veita umsögn varðandi verkefnið, en ekki að samþykkja áformin.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að Vestmannsvatn var friðlýst árið 1977. Vatnið er grunnt með iðjagrænum bökkum og hólum og fjölskrúðugu fuglalífi.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fráveita raski ekki verndargildi Vestmannsvatn.

Fuglalíf - Varptími

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur